

SÍMENNTUNARÁÆTLUN TÓNLISTARSKÓLA EYJAFJARÐAR

2022-2023

MARKMIÐ

Í lok fyrsta áfanga við innleiðingu hugmyndafræði lærdómssamfélagsins er virkt samtal og samstarf starfsfólks orðið að eðlilegum hluta daglegs starfs og undirbúnings kennslu, þar sem áhersla er lögð á samvirkni og samráð með nám nemenda í fyrirrúmi. Nemendur og foreldrar hafi greiðar leiðir til að koma skoðunum sínum um námið á framfæri og sveigjanleiki til ígrundunar stuðli að skapandi kennsluháttum og samstarfi allra sem að skólasamfélaginu koma.

Samvinnuvettvangur verði nýttur til teymisvinnu ásamt skóla- og starfsþróun allt skólaárið. Þau námskeið sem standa kennurum til boða á vegum skólans styðja ávallt við þá stefnu í skólaþróun og símenntun hverju sinni. Samvinnuvettvangur virkar því sem hvati fyrir allt starfsfólk að sækja sér frekari símenntun hverskonar utan skólastofnunarinnar til stuðnings í starfi. Vinna við samvinnuvettvang sé í stöðugri þróun í takt við símenntunaráætlun og þarfir starfsfólks og skólans, endurspegli skólamenningu, skólastefnu og nemendamiðaða sýn.

Skólanámskrá verði lifandi og lýsandi plagg sem endurspegli starfsemi skólans, nám nemenda, hlutverk skóla í samfélaginu og fagmennsku þeirra sem þar starfa. Námsmat verði skýrt og taki til fleiri þátta en staðlaðra prófa; símat standi yfir allan veturinn.

Skólaárið skiptist í fjórar lotur og markmið eru sett fram fyrir allt skólaárið og einnig í fjögur minni skref, námsmat fer fram í lok hvernar lotu og þar með er nám nemenda í stöðugri endurskoðun og þróun.

Innra og ytra mat skóla verði markviss og eðlilegur þáttur í skólastarfi og skólaþróun, og niðurstöðurnar nýttar til þess að styðja við og efla starfsemi skólans og nám nemenda.

ADGERÐARÁÆTLUN 2022-2023

- Skólastjórnendur eiga rýnifundi með Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri og gert með sér samkomulag um áframhaldandi þróun leiðsagnarnáms og vinnu við innra mat í Tónlistarskóla Eyjafjarðar.
- Innleiðing umsýslukerfisins Speed Admin í allri kennslu og námi við TE. Tveggja klukkustunda fræðslufundur verður haldinn með öllu starfsfólki og aðilum frá Speed Admin til að læra vel á kerfið í ágúst - september.
- Í skólabyrjun á starfsdögum verður vinnu við innleiðingu leiðsagnarnáms haldið áfram og Jenný kemur frá Miðstöð Skólaþróunar við HA með fræðslu um foreldrasamstarf. Hún mun síðan fylgja verkefninu eftir með vinnufundum með öllu starfsfólki u.þ.b. 4x í vetur; 26. október, 7. desember, 1. mars og 12. apríl. Í maímánuði verður vinnan svo dregin saman á góðum uppgjörsfundi.
- Í könnun meðal starfsfólks að vori 2022 kom í ljós áhugi á að kynna sér betur leiðir að bættri þjónustu við nemendur með sérþarfir. Áslaug Melax heldur erindi um kennslu nemanda með sérþarfir á starfsdögum að hausti, fimmtudaginn 18. ágúst.
- Teymisvinna verður sett af stað með reglulegum fundum yfir skólaárið. Undirbúningsfundur með teymum verður miðvikudaginn 31. ágúst kl 08:15. Gunnar Gíslason verður með fræðslu um teymisvinnu þann 14. september og fyrsti teymisfundur verður miðvikudaginn 5. október. Eitt teymi er fyrir hverja starfsstöð TE.
- Skólastjórnendur setji af stað innra mat á starfsemi skólans.
- Vinna við nýja skólanámskrá hefst á skólaárinu og skal lokið fyrir upphaf næsta skólaárs.
- Skólinn taki eins og unnt er þátt í sameiginlegum starfsdögum annara tónlistarskóla/grunnskóla á svæðinu og efli með starfsfólki bæði fag- og stéttarvitund.